

Brjef stjórnarráðsins til sjáslumannsins í Vestmannaeyjasýslu um 1
endurveiting hlunninda handa sparisjóði Vestmannaeyja. Útaf 1. marz.
 beiðni, er hingað hefir borizt frá forstöðunefnd sparisjóðs Vestmannaeyja, vill stjórnarráðið hjermeð endurveita nefndum sjóði um 5 ár frá þessum degi að telja, hlunnindi þau, sem ræðir um í tilsk. 5. jan. 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, er nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sparisjóðsins.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um embættislán handa 2
Fellsprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi. Eptir beiðni sóknar- 6. marz.
 prestsins í Fellsprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi sjera Pálma Þóroddssonar og samkvæmt til lögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 15. f. m., veitir stjórnarráðið hjermeð leyfi til þess að tjeður prestur megi taka allt að 1500 kr. lán gegn tryggingu í tekjum prestakallsins til túnsljettunar á prestssetrinu Höfða, með þeim skilyrðum, að lánið verði fengið með sem vægustum kjörum, eigi hærri ársvöxtum en 5 0/0, að það verði endurborgað með jöfnum afborgunum á 25 árum samfleytt frá lántökudegi að telja auk vaxta, og loks að lánið verði tekið smámsaman eptir nánari ákvörðum yðar jafnótt og lántakandi vinnur verkið og sannar fyrir yður, að jarðabæturnar sjeu vel af hendi leystar.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari ráðstafana og birtingar fyrir sjera Pálma Þóroddssyni.